

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun, tæmingu og eftirlit með rotþróum í Fjarðabyggð.

#### 1. gr.

Fyrir hverja fasteign innan marka Fjarðabyggðar með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Fjarðabyggðar, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 20. gr. samþykktar um fráveitu í Fjarðabyggð. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign.

Undanþegnir frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr. 16. gr. samþykktar um fráveitur í Fjarðabyggð.

Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

#### 2. gr.

Þjónustugjald samkvæmt 1. gr. skal vera árlegt gjald sem hér segir:

Stærð rotþróar í lítrum	Þjónustugjald
< 3.500 ltr.	10.950 kr.
3.500 – 5.500 ltr.	15.925 kr.
5.500 – 8.000 ltr.	20.900 kr.
>8.000 ltr.	20.900 kr. auk 3.100 kr. pr. viðbótar rúmmetra
Tímagjald hreinsibíls	10.500 kr.
Förgunargjald	Gjald samkvæmt verðskrá Sorpstöðvar Héraðs

Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlega greiðslu.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 30 metra. Ef leggja þarf lengri barka þá bætast við 1.500 kr. að 50 metrum en 4.000 kr. eftir það.

Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarbústaði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en kr. 9.950 kr. af hverri húseign.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Gjaldið skal nema tímagjaldi fyrir hreinsibíl, skv. 2. gr., fyrir tíma umfram 2ja klst. vinnu- og akstur tíma, sem sérstaklega er tilkominn vegna viðkomandi rotþróar.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2007 (377,7) og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2008.

#### 3. gr.

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin

lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fram fyrir hvers konar sammingsveð og aðfararveð.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um fráveitu í Fjarðabyggð nr. 695 frá 30. júní 2008, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin er samþykkt af umhverfisráði Fjarðabyggðar þann 16. janúar 2008 og staðfest af bæjarstjórn Fjarðabyggðar 21. febrúar 2008 og öðlast gildi við birtingu.

*F. h. Fjarðabyggðar, 17. júlí 2008,*

**Gunnar Jónsson,**  
forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 31. júlí 2008